

**Nd.**

**602. Frumvarp til laga**

[121. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

**1. gr.**

8. gr. laganna orðist svo:

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu hans og atvinnustað á þeim tíma, er meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

**2. gr.**

11. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram. Þó getur tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef um sérstakar ástæður er að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á. Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnsmeðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga héraðs, en ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

**3. gr.**

15. gr. laganna falli niður.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.